

FUNDARGERÐ

4. eigendafundur SORPU bs. var haldinn mánudaginn 2. febrúar 2014 kl. 12:15 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9. Kópavogi.

Mæting:

Fulltrúar eigenda:

Gunnar Einarsson, Garðabæ
Dagur B. Eggertsson, Reykjavíkurborg
Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Hafnarfirði
Ármann Kr. Ólafsson, Kópavogi
Ásgerður Halldórsdóttir, Seltjarnarnesi.

Frá SORPU bs:

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs.
Margrét Gauja Magnúsdóttir, Hafnarfirði, stjórnarformaður SORPU bs.
Hafsteinn Pálsson, Mosfellsbæ
Ómar Stefánsson, Kópavogi

Ennfremur sat Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH fundinn og ritaði fundargerð.

Gunnar Einarsson, stjórnarformaður SSH stjórnaði fundi.

Tilfni fundarins var yfirferð og kynning SORPU bs. á kostnaðarmati vegna gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi og tengdum framkvæmdum, sbr. bókun og samþykkt á síðasta eigendafundi sem haldinn var 6. janúar 2014, en þar segir:

„Handhafar eigendavalds byggðasamlagsins samþykktu samhljóða að heimila stjórn SORPU bs. að vinna áfram að undirbúningi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar í samræmi við þau gögn sem kynnt voru á fundinum, en fyrirvari er hafður á endanlegri ákvörðun um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar þar til uppfærð kostnaðaráætlun liggur fyrir í byrjun næsta mánaðar.“

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri SORPU bs. upplýstu að á stjórnarfundi SORPU nú í dag hefði legið fyrir nákvæmara kostnaðarmat vegna ofangreindra framkvæmda. Kostnaðarmatið er unnið af verkfræðistofunni Mannvit og Aikan í Danmörku og hljóðar upp á 2,72 milljarða króna, og er þá búið að taka tillit til allra fram kominna krafna vegna lyktarvarna. Kostnaðarmatið byggir á 20% óvissu. Ráðgjafarnir hafa bent á að með því að minnka byggingarmagn megi draga úr framangreindum kostnaði um ca 300 m. króna, byggingarkostnaður yrði þá um 2,42 m. króna.

Umræður.

Rætt var um framangreinda niðurstöðu kostnaðarmatsins í ljósi þess að í núgildandi eigendasamkomulagi frá 25. október sl. er gert ráð fyrir að kostnaður vegna gas- og jarðgerðarstöðvarinnar verði um 2 milljarðar króna. Upplýst var að sú upphæð tekur einungis til sjálfrar gas- og jarðgerðarstöðvarinnar, en ekki til afleiddra og nauðsynlegra framkvæmda s.s. í Gufunesi, og að ekki hafi verið komnar fram allar kröfur um lyktarvarnir þegar sú tala var sett fram.

Niðurstaða:

Handhafar eigendavalds samþykktu að haldið verði áfram með verkefnið á grundvelli nýs kostnaðarmats, og matið, ásamt þeim forsendum sem það byggir á, verði kynnt aðildar-sveitarfélögunum eins fljótt og auðið er.

Lögð er áhersla á að við allan undirbúning, gerð verksamninga og útboð verði öllum reglum um opinber innkaup fylgt í hvívetna, og leitað allra leiða til að lágmarka kostnað við framkvæmdina.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:45

Páll Guðjónsson.